

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Fjarðabyggð.

Deiliskipulag Kirkjubólseyra, hestúsa- og búffjársvæðis í Norðfirði.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 15. desember 2016 deiliskipulag Kirkjubólseyra, hestúsa- og búffjársvæðis.

Skipulagssvæðið er um 20 ha að stærð og afmarkast af Merkjalæk, Norðfjarðarvegi og Norðfjarðará. Tillagan gerir ráð fyrir fimmtán hest- og búffjánhúsum sem standa munu við Kirkjubólseyri. Einnig er gert ráð fyrir reiðhöll, skeiðvelli, hólfí, gerðum og athafnasvæðum innan skipulagsmarka. Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt er fellt úr gildi deiliskipulag vinnubúða og athafnasvæðis vegna Norðfjarðarganga í Norðfirði, sbr. auglýsingu nr. 948/2013.

Deiliskipulag Söxu við Stöðvarfjörð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 24. júlí 2017 deiliskipulag Söxu.

Deiliskipulagið felur meðal annars í sér að gert er ráð fyrir áningarstöðum, bílastæðum og göngustígum til að auka aðgengi og öryggi við sjávarhverinn Söxu.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 4. október 2017.

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.